

97. Stjórnarfundur Fenúr

6. september 2007

Mætt:

Guðmundur T. Ólafsson, Pétur Bjarnason, Ragna I. Halldórsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir, Elías Ólafsson og Guðmundur B. Friðriksson.

Staður og stund: SASS Austurvegi 56, kl.13:00.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin undir stjórn og samþykkt.
2. Haustráðstefna FENÚR. GTO kynnti hugmynd að dagskrá þar sem ráðstefnan yrði á Akureyri og heimsótt yrðu brennslustöð á Húsavík og jarðgerðarstöð á Sauðarkróki. Tveggja daga ferð, fimmtudag og föstudag, í lok október eða byrjun nóvember. Drög að dagskrá rædd. GTO sendir drögin á fundarmenn ásamt hugmyndum að erindum.
3. Samningur um prentun á flokkunarmerkjum. Bros hefur sent GTO bréf um hækkun á einingaverði við prentun á merkjum. GTO var veitt umboð til að semja við Bros.
4. UBC Nordic waste project. GTO kynnti erindi UBC Nordic um þátttöku í FENÚR í verkefni sem fyrirtækið er að fara af stað með. GTO svaraði UBC Nordic að þar sem FENÚR hefur ekki starfsmann í vinnu geti fagraðið ekki tekið þátt. Ákveðið að skoða mögulega þátttöku árið 2008. HJB var falið að vera tengiliður FENÚR við verkefnið.
5. Heimsókn til Umhverfissráðherra. GTÓ er búinn að panta fundartíma með ráðherra í september en svar hefur ekki borist. EÓ bauðst til að fara með formanni á fund ráðherra.
6. Markaðsátak vegna flokkunarmerkinga. Fyrirhugað markaðsátak rætt. RIH tekur saman fjarhagsstöðu félagsins og fjármagn sem hægt er að setja í verkefnið fyrir næsta stjórnarfund. Meðal annars er stefnt er að auglýsingum í blöðum og að gefa límmiða til fyrirtækja sem geta nýtt þá með áberandi hætti.
7. Litur sorpíláta. GTO dreifði töflu með tillögu að lit sorpíláta fyrir mismunandi sorpflokka, sem gefin er út af GGAWB í staðlinum RAL-GZ 951-1 (http://www.ggawb.de/sites/RAL-GZ_951-1.pdf). Ákveðið að safna frekari

upplýsingum um liti fyrir mismunandi sorpflokka. RÍH mun biðja Dóru Sif starfsmann Sorpu að leita upplýsinga um liti sorpflokka.

8. Aðalfundur og ráðstefna ISWA. GTO kynnti dagskrá aðalfundar og ráðstefnu ISWA sem haldin verða dagana 21. – 28. september nk. Formaður sækir fundinn og ráðstefnuna og einnig munu nokkrir félagsmenn FENÚR sækja ráðstefnuna.

Fundi slitið kl. 14:20.

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson.